

**37. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn
Strandgötu 38, 6. nóvember 2018
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH),
Aðalsteinn Magnússon (AM) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

Fundargerð ritaði: Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

Jóhann Birkir Helgason tók þátt í fundinum með Skype.

1. Guðmundur M. Ástþórsson. Umsókn um lóð, Dunhagi. - 1706039

Tekið fyrir að nýju breyting á aðalskipulagi Dunhaga, erindinu var frestað á 35. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar þann 11. september 2018.

Erindinu er frestað þar sem ekki hefur borist svar frá Orkubúi Vestfjarða hvað varðar flutning á spennustöð á lóðinni. Ennfremur þarf að meta kostnað við flutning á frárennislögn á lóðinni.

2. Stöðuleyfi - 1810039

Tekið fyrir erindi Stegla ehf. dags. 9. október 2018 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir gám við Strandgötu 27.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gám til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir endurnýjun stöðuleyfis utan skipulags geymslusvæðis er kr. 50.000,- pr. gám.

3. Námskeið Dreifbýliskipulag - Rural planning - 1810043

Tekið fyrir erindi Guðrúnar Lárusdóttur dags. 16. október 2018 f.h.

Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem kynnt er eins dags námskeið sem kallast Dreifbýliskipulag og fjallar um eitt og annað er snýr að skipulagsmálum á landsbyggðinni.

Lagt fram til kynningar.

4. Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og náttúrustofa - 1810026

Tekið fyrir erindi Umhverfisstofnunar dags. 8. október 2018 þar sem kynnt er að 21. ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og náttúrustofa verði haldinn á Flúðum 8. nóvember 2018.

Lagt fram til kynningar.

5. Umsókn um leyfi til niðurrifs - 1810072

Tekið fyrir erindi frá Neil Shiran Þórisssyni dags. 11. maí 2018 fyrir hönd Arctic Smolt þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á gamalli seiðaeldisstöð. Meðfylgjandi umsókn er greinargerð dags. 14. maí 2018 og afstöðumynd.

*Erindið er í samræmi við deiliskipulag svæðisins.
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita heimild til niðurrifs á eftirfarandi eignum í Norður Botni II landnúmer 140294.
Matshlutanúmer 02 Aðstöðuhús
Matshlutanúmer 03 Eldishús
Matshlutanúmer 04 Fóðurgeymsla
Matshlutanúmer 05 Laxeldisstöð
Leyfisgjald skv. gjaldskrá er kr. 25.496,-*

6. Eysteinseyri, yfirbyggð eldisker - bólusetning - 1811009

Tekið fyrir erindi frá Bæjarvík dags 04.11.2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja 869 fermetra hús við Eysteinseyrar skv. teikningum frá hugsjón dags. 08.10.2018 og NNE verkfræðistofu dags. 05.11.2018.

*Byggingin er í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita byggingarleyfi fyrir byggingunni. Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi.
Byggingarleyfisgjöld eru kr. 1.086.055,-*

7. Stöðuleyfi gáma - 1811017

Tekið fyrir skjal byggingarfulltrúa er varðar útgefin stöðuleyfi á árinu 2018.

Nefndin mun fara hringferð um þorpið fyrir næsta fund, með konfekt og byggingarfulltrúa, finna þá gáma sem ekki hefur verið sótt um stöðuleyfi.

8. Umsagnarbeiðni Systrakot ehf. Kirkjubraut 3, Tálknafirði - 1810065

Tekið fyrir erindi frá Sýslumanninum á Vestfjörðum dags 25. október 2018 það sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Kristínar Magnúsdóttur fyrir hönd Systrakots ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki II að Kirkjubraut 3, Tálknafirði.

Umsóknin er í samræmi við byggingarleyfi og skilmála svæðisins. Lokaúttekt hefur farið fram. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir því ekki athugasemd við að rekstrarleyfi verði veitt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Benedikt Davíð Hreggviðsson
(BDH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Bryndís Sigurðardóttir